



MÁGUSARTÍÐINDI  
2018

# HVER VER ÞÍNA HAGSMUNI ?



KVH er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. KVH vinnur að bættum kjörum og réttindum, óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.

## Kynntu þér málið - vertu með !

# KVH

KJARAFÉLAG  
VIÐSKIPTAFRÆÐINGA  
OG HAGFRÆÐINGA

KVH er aðili að BHM



[www.kjarafelagvh.is](http://www.kjarafelagvh.is)

Ávarp formanns	1
Ávarp ritstýru	3
Grein eftir Katrínu Björk	5
Nýnemaviðtöl	7
What happens at NESU stays in NESU	11
Dagur í lífi Sesselíu Birgisdóttur	13
Street style	15
Dagur í lífi Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur	17
Kennarar svara spurningum	19
Röskva eða Vaka	23
Heiðís Rós - Viðtal	25
Nemendur sem eiga fyrirtæki	28
Snapparar svara spurningum	33
Stjórnuspá	37
Skiptinám	39
Tinder	43
Spurningakeppni	45
Félagslífð	47

#### **Prentun**

Háskólaprent

#### **Upplag**

100 stk

#### **Umbrot og hönnun**

Katrín Aagestad Gunnarsdóttir

#### **Sérstakar þakkir**

Sérstakar þakkir til allra sem tóku sem tíma í að svara spurningum og hjálpa okkur að gera blaðið jafn flott og það er

#### **Ritstýra**

Rúna Kristinsdóttir

#### **Ritnefnd**

Einar Sævar Jónmundsson

Silla Rún Hjartardóttir

Sandra Brá Bjarnadóttir

Kristín Ingadóttir

# ÁVARP FORMANNS



Sælt veri fólkið,

Það hefur verið sannur heiður að vera við stjórnartaumana á okkar ágæta félagi Mágus síðan í lok mars fyrir tæpu ári síðan. Þetta viðburðaríka og skemmtilega ár hefur liðið fljótt. Stjórnin hefur unnið vel saman og samheldnin í hópnum verið mikil. Stjórnarfundir hafa verið haldnir vikulega frá upphafi haustannar og á þeim hefur starfið verið skipulagt og við deilt út verkefnum á meðal okkar í stjórninni. Heimasiða Mágusar var uppfærð og virkar nú mun betur á snjallsíma en áður. Félagsmenn Mágusar eru 250 talsins í ár. Á fyrstu mánuðum sinntum við aðallega fjáröflun og skipulögðum skemmtanir félagsins út skólaárið. Góðærið sem er á Íslandi hefur ekki farið framhjá okkar félagi. Mágusingar hafa notið góðs af góðri tíð og fjárhagsstaða félagsins er sterk.

Í ár gekk sérstaklega vel að landa stórum samningum við samstarfsaðila sem hefur skilað sér í lægri útgjöldum félagsmanna í skemmtunum í ár. Á síðustu önn leið ekki sá föstudagur að fyrirtæki vildi ekki bjóða okkur í vísindaferð og áframhald verður á því fram á vor. Í heildina munum við fara í 25 vísindaferðir á skólaárinu 2017-2018 sem verður að teljast mjög gott. Vísindaferðir eru mjög mikilvægur hluti af okkar skólagöngu þar sem tengsl við atvinnulífið er grunnurinn að því sem koma skal. Þessar skemmtanir hafa tekist vel upp og þétt raðir okkar og vinátta myndast sem mun haldast um ókomin ár. Í upphafi stjórnartíðar fóru Mágusingar í heljarinnar útilegu utanbæjar og þó svo að veðrið hafi ekki verið upp á sitt besta þá skemmtu Mágusingar sér vel eins og þeim einum er lagið. Hina árlega nýnemaferð fór fram með svipuðu sniði og undanfarin ár. Það var sérlega gaman að sjá nýnemanna kynnst og mynda vinabönd í ferðinni.

Í haust stóðum við að nýjum viðburði í félagslífi Mágusar sem hét Hattapartý Mágusar. Mágusingar fjölmenntu og skemmtu sér langt fram á nótt klædd fríðum höfuðbúnaði. Mágus-Markaðsráðsdagurinn var haldin í samstarfi við Ölgerðina og tókst vel til. Í desember var komið að próflokupartý Mágusar sem var algjör veisla enda allir ánægðir að hafa lokið prófum og jólin framundan. Skíðaferð Mágusar var hreint út sagt alveg frábær skemmtun og komu allir heim heilir á húfi. Ég fagna því hve margir sáu sér fært að fara í Hlíðarfjall þrátt fyrir stutta nótt og mikla skemmtun kvöldið áður. Það voru ekki margir félagsmenn sem fóru norður í þeim tilgangi að sofa.

Legacy (afmæli Rebba) var tilraun okkar til þess að mynda nýja hefð innan félagsins. Hugmyndin er að halda upp á afmæli Rebba á ári hverju með veislu þar sem tónlistarmenn koma fram, honum til heiðurs. Í ár varð Rebbi Mágus 57 ára og því heldur betur tilefni til þess að fagna. Afmælið tókst vel til og er það von stjórnar að viðburðurinn verði að föstum lið í félagstarfi Mágusar.

Það verður nóg um að vera á næstunni. Helst er frá því að segja að árshátíð Mágusar verður haldin, kosningar innan Mágus og sameiginlegt partý með Animu svo að fátt eitt sem nefnt.

Ég hef kynnst frábæru fólki í gegnum starf Mágusar og er afar þakklátur fyrir að hafa fengið að verma sæti formanns. Nú fer að líða að lokum á stjórnarsetu minni og hvet ég alla sem áhuga hafa á félagsstörfum til að sækja um embætti í stjórninni í komandi kosningum. Ég óska næstu stjórn alls hins besta og ég veit að þeir taka við góðu búi.

Það er von okkar í stjórninni að með þessu öflugum félagsstarfi, leggi Mágus sitt af mörkum til þess að gæta þess að viðskiptafræðinemar Háskóla Íslands eigi ávallt kost á því að skemmta sér vel og mynda tengslanet sem endist út ævina. Orðspor Mágusar sem úrvals nemendafélag lifi áfram innan veggja háskólans og við getum farið út í viðskiptalífið stolt af okkar skólagöngu.

Rebbi lengi lifi!  
Formaður Mágusar 2017-2018  
Benedikt Guðmundsson

# ÁVARP RITSTÝRU



---

Kæri Mágusingur núna þegar þú ert að lesa þetta er önnin hálfnuð og lokaprófin stefna á fullum hraða á okkur. En ekki örvænta um helgina er árshátíðin okkar og þá verður sko haft gaman og gleymt öllum áhyggjum sem fylgja því að reyna klára þessa blessuðu gráðu. Eftir helgi getiði síðan lesið greinina í blaðinu um hvernig best er að ná árangri í námi eftir Katríni Björk, og farið á fulla ferð fyrir lokaprófin.

Mikil gleði og hamingja fylgjir því að vera búin að skila blaðinu til ykkar, eftir erfiða og stífa vinnu til að gera það sem skemmtilegast og fullt af fróðleik á sama tíma. Og stóð ég sko aldeilis ekki ein að því heldur voru frábærir krakkar með mér í ritnefnd sem gerðu þessa vinnu skemmtilega og meira en þess virði að sinna.

Vonandi hefur okkur tekist að sinna þessu ágætlega og þið njótið þess að renna í gegnum blaðið.

Að lokum vil ég þakka ykkur öllum að taka þátt í því sem við Mágus gerum ef það væri ekki fyrir ykkur værum við ekki hálf það nemendafélag sem við erum í dag.

Rína Kristinsdóttir  
Ritstýra Mágusartíðinda 2017-2018

---



### STJÓRN MÁGUSAR 2017-2018

Efri röð: Rúna Kristinsdóttir, Selma Sigurjónsdóttir, Bjarki Guðmundsson, Auður Elísabet Guðrúnardóttir  
 Neðri röð: Freyr Baldursson, Benedikt Guðmundsson, Alexander Kristjánsson, Sigurður Steinar Jónsson



### RITNEFND MÁGUSARTÍÐINDA 2017-2018

Einar Sævar Jónmundsson, Silla Rún Hjartardóttir, Rúna Kristinsdóttir, Sandra Brá Bjarnadóttir, Kristín Ingadóttir

# KATRÍN BJÖRK

## SKRIFAR

---

Katrín Björk Gunnarsdóttir er á öðru ári í viðskiptafræði í HÍ. Katrín er dugnaðar forkur og er á forsetalista því báðum við hana að skrifa smá grein um hvernig er best að ná árangri í námi. Eins og við segjum á góðri íslensku “aldrei er gömul vísa of oft kveðin”.



Það væri svo ótrúlega þægilegt ef það væri til einhver ein ákveðin leið sem myndi henta öllum þegar kemur að árangri í námi. Því miður er það ekki svo einfalt og það sem hentar einhverjum einum getur reynst öðrum afar gagnlaust. Mig langar samt til að deila með ykkur nokkrum ráðum sem hafa reynst mér mjög gagnleg til þess að árangri í námi.

Mér finnst mikilvægt að átta mig á því stax í byrjun annar hvaða tíma mér þykir nauðsynlegt að sitja og hvaða tíma mér þykir aðeins valfrjálsara að mæta í, þetta geri ég til þess að nýta tímann minn betur yfir vikuna. Einnig eins og flestir

vita þá mun maður aldrei komast yfir allt námsefnið sem gefið er yfir önnina og finnst mér þess vegna gott að einbeita mér að því sem ég tel mikilvægast og kafa dýpra í það efni, annað mætir rest.

Til að komast í gegnum heila önn þá skiptir það mig miklu máli að eiga tíma fyrir sjálfan mig utan skóla, t.d verð ég að hreyfa mig oft í viku og eiga frí á kvöldin til þess að slaka á. Ég reyni líka að komast hjá því að eyða öllum helgum í lærdóm, ég vil frekar nýta helgarnar í vinnu eða eitthvað annað til að dreifa huganum. Þó það sé auðvitað undantekning þegar það er próf eða verkefnaskil beint eftir helgi.



---

Með því að eyða ekki öllum stundum vikunnar í lærdóm þá á ég auðveldara með að finna metnaðinn þegar ég svo sest niður og læri. Ég er alls ekki mjög skipulögð manneskja þannig ég get því miður ekki gefið nein ráð hvað það varðar og mér finnst best að vinna undir pressu. Ég er þó klárlega að reyna að temja mér smátt og smátt að skipuleggja mig betur og er til dæmis nýbúin að kaupa mér dagbók!

Þegar kemur að prófum og verkefnavinnu reyni ég að vera ekki alltof fljótfer og fer vandlega yfir allt efni áður en ég skila því inn. Því það er ótrúlega þreytandi að fá klaufavillur fyrir eitthvað sem maður er með algjörlega á hreinu. Ef ég hef auka tíma í prófi þá reyni ég t.d. að reikna allt tvisvar jafnvel þrisvar sinnum til að vera alveg pottþétt. Ég tem mér það líka þegar ég er að læra fyrir próf að þegar ég held ég sé alveg 100% með námsefnið á hreinu að fara yfir það einu sinni enn eða a.m.k. þann

hluta sem mér finnst flóknastur (á þetta þó aðallega við í lokaprófum). Þegar ég er að læra fyrir próf þá finnst mér best að vera ein vegna þess að ég á erfitt með að læra hluti utan af þegar ég er í kringum aðra, þó mér finnst auðvitað gott að læra með fólki inn á milli til að breyta til.

Þetta er kannski eitthvað sem kemur engum á óvart og hljómar eflaust allt mjög klisjukennt en þrátt fyrir það þá eru þetta atriði sem mér finnst skipta svo ótrúlega miklu máli og ég vona að þessi lestur geti gagnast einhverjum!

---

# NÝNEMAVIÐTÖL



Nafn?

Daði Björnsson.

Þrjú orð sem lýsa þér best?

Afslappaður, peppaður, djamm.

Af hverju viðskiptafræði?

Bara að feta í fótspor fjölskyldunnar, þau reka öll fyrirtæki þannig að fara í þetta nám var svo sem alltaf besti kosturinn.

Aldur? 22.

Úr hvaða skóla kemur þú?

Flensburg.

Við hvað starfar þú?

Vínbúðin, sé um rauðvín og bjórana.

Uppáhalds kennari?

Hafsteinn Þór Hauksson.

Uppáhalds fag?

Tjaning og samskipti so far.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Að þurfa að endurtaka mig.

Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU?

Kaffi, kaupi eiginlega ekkert annað.

Hvert myndir þú fara ef þú værir ósýnilegur?

Hugsanlega bara í næsta bjorkælir og verða slossed.

Hvað er þitt guilty pleasure?

Kona big wave lager í sturtu.

Uppáhalds snappari?

Það er svo sem enginn sem ég held uppá per say.

Sætasti kennarinn?

Well ég meina, no homo og allt það en Hafsteinn Þór Hauksson er looker.

Hvaða NOCCO finnst þér bestur?

REDBULL.

Skemmtileg staðreynd um þig?

Hef bara orðið timbraður fimm sinnum á ævinni, annars er ég finn daginn eftir.

Hvað færðu þér í morgunmat?

Kaffi/redbull.

Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum?

Reyni oftast að lesa bækur.

Ætlaru á árshátíðina?

100% kíkja jafnvel í einn bjór á mikkeller/drunk rabbit á undan.

Besti skemmtistaðurinn?

Drunk rabbit, hefur þennan homie irish wibe sem ég elska.

Hefuru ihugað skiptinám?

Ef já - hvert myndir þú fara?

University of Miami, hef farið í campus party þar, þau eru vilt.

Hvað stendur í síðasta sms-i sem þú fékkst?

Já ég skrái mig umleidd og ég kem heim.

Ekki það mest spennandi SMS í heimi.

Hvar sérðu þig eftir 5 ár?

Vonandi kominn í masterinn í university of Edinburgh.

Hvað er mottóið þitt?

Prufa allt einusinni og sjá eftir því daginn eftir.



Nafn?

Alfa Bæhrenz Björgvinsdóttir.

Þrjú orð sem lýsa þér best?

Skemmtileg, dramatísk og brosmild.

Af hverju viðskiptafræði?

Langaði að breyta til.

Aldur? 21 árs.

Úr hvaða skóla kemur þú?

MS.

Við hvað starfar þú?

Við aðhlyningu á Hrafnistu.

Uppáhalds kennari?

Ágúst.

Uppáhalds fag?

Rekstrarhagfræði.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Þegar fólk hunsar mig.

Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU?

Nocco.

Hvert myndir þú fara ef þú værir

ósýnileg?

Bara horfa á hvernig fólk bregst

við því, kannski stríða þeim

aðeins.

Hvað er þitt guilty pleasure?

Allt sem tengist mat.

Uppáhalds snappari?

Sólrún Diego.

Sætasti kennarinn?

Ég segi pass.

Hvaða NOCCO finnst þér bestur?

Peru.

Skemmtileg staðreynd um þig?

Ég kann að leysa rubix cube.

Hvað færðu þér í morgunmat?

Hafragraut.

Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum?

Misjafnt, yfirleitt eins lítið og ég

get.

Ætluðu á árhátíðina?

Já.

Besti skemmtistaðurinn?

B5 og danski fer allveg eftir

stemminguni.

Hefuru ihugað skiptinám? Ef já -

hvert myndir þú fara?

Já, kóngsins köben.

Hvað stendur í síðasta sms-i sem þú

fékkst?

“Erum sò Kína B5”.. held það eigi

að standa “Erum að koma á B5”

Hvar sérðu þig eftir 5 ár?

Ábyggilega í master.

Hvað er mottóið þitt?

If you want to be trusted, be

honest.



Nafn?

Fanney.

Þrjú orð sem lýsa þér best?

Fyndin, ákveðin, stríðin.

Af hverju viðskiptafræði?

Útaf það er svo opið fyrir hvað

sem er.

Aldur? 21.

Úr hvaða skóla kemur þú?

MS.

Við hvað starfar þú?

Vinn í World Class.

Uppáhalds kennari?

Snjólfur og Ágúst.

Uppáhalds fag?

Stærðfræði.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Þegar ég kaupi bragðaref og fæ

hálfu teskeið af nammi!!!!

Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU?

Nocco.

Hvert myndir þú fara ef þú værir

ósýnileg?

Háspennu.

Hvað er þitt guilty pleasure?

Brauðið á Sushi Social.

Uppáhalds snappari?

Raggi2401

Sætasti kennarinn?

Bjarni Frímann, hann er svo

mikið krútt.

Hvaða NOCCO finnst þér bestur?

Sveinka.

Skemmtileg staðreynd um þig?

Ég kaupi mér bland í poka 5x í viku.

Hvað færðu þér í morgunmat?

Hafragraut og boost.

Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum?

Netflix með bland í poka og

stjörnusnakk í 99% tilfella.

Ætluðu á árhátíðina?

Já auðvitað.

Besti skemmtistaðurinn?

Fer eftir hvernig stuði maður er

í, danski eða b5.

Hefuru ihugað skiptinám? Ef já -

hvert myndir þú fara?

Uuuu já, Ástralíu Gold coast.

Hvað stendur í síðasta sms-i sem þú

fékkst?

Keypti vinber jarðaber það er til

hamborgara ekki brauð

Hvar sérðu þig eftir 5 ár?

Í námi erlendis.

Hvað er mottóið þitt?

No pain No gain.



**Nafn?**

Ísabella Karelisdóttir.

**Þrjú orð sem lýsa þér best?**

Jákvæð, samviskusöm og rosalega hress og kát.

**Af hverju viðskiptafræði?**

Hmmm, ætli það hafi ekki verið bara vegna þess að það er góður grunnur í ótrúlega margt.

**Aldur?** 24 ára.

**Úr hvaða skóla kemur þú?**

Menntaskólanum í Kópavogi.

**Við hvað starfar þú?**

Er Þjónustufulltrúi í Garra heildverslun.

**Uppáhalds kennari?**

Ágúst sem kenndi Rekstrarhagfræði, hann er mikill meistari.

**Uppáhalds fag?**

Rekstrarhagfræði.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?**

Heimanám.

**Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU?**

Kaffi og stundum flatköku með osti.

**Hvert myndir þú fara ef þú værir ósýnileg?**

Hmmm.....

**Hvað er þitt guilty pleasure?**

Æjijj bara nóa Kropp og kaffi.

**Uppáhalds snappari?**

Vargurinn.

**Sætasti kennarinn?**

Allir rosa sætir

**Hvaða NOCCO finnst þér bestur?**

Tropical NOCCO.

**Skemmtileg staðreynd um þig?**

Uuhhhm.. Var þrefaldur íslandsmeistari í Judo á grunnskólaárunum..

**Hvað færðu þér í morgunmat?**

Eiginlega engin rúttína á því þessa stundina, en oftast Froosh og kaffi.

**Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum?**

Bara kósý tjiillll..

**Ætlu á árhátíðina?**

Já það held ég nú.

**Besti skemmtistaðurinn?**

Segjum bara Hverfis-barinn.

**Hefuru ihugað skiptinám? Ef já - hvert myndir þú fara?**

Neibb.

**Hvað stendur í síðasta sms-i sem þú fékkst?**

Geturu tekið brúsann minn inn, hann er held ég milli sætanna...

**Hvar sérðu þig eftir 5 ár?**

Á góðum stað...

**Hvað er mottóið þitt?**

Ekki gera í dag það sem þú getur gert á morgun..



**Nafn?**

Ægir Örn Snorrason.

**Þrjú orð sem lýsa þér best?**

Skopparabolti, hress, duglegur.

**Af hverju viðskiptafræði?**

Systir mín fór í viðskiptafræði, fæ allar glósur frá henni.

Aldur? 22.

**Úr hvaða skóla kemur þú?**

MS.

**Við hvað starfar þú?**

BARTENDEEEER.

**Uppáhalds kennari?**

Ágúst.

**Uppáhalds fag?**

Stærðfræðin

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?**

Þegar stelpur láta mig ekki í friði á djamminu.

**Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU?**

Kaffi.

**Hvert myndir þú fara ef þú værir ósýnileg/ur?**

Kvennaklefan í worldclass.

**Hvað er þitt guilty pleasure?**

Gill, turns me on

**Uppáhalds snappari?**

alfa96

**Sætasti kennarinn?**

Erla

**Hvaða NOCCO finnst þér bestur?**

Drekk bara amínó.

**Skemmtileg staðreynd um þig?**

-

**Hvað færðu þér í morgunmat?**

Ehv hollt og gott.

**Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum?**

Netflix and chill.

**Ætlu á árhátíðina?**

Já.

**Besti skemmtistaðurinn?**

Hvíti mosó jee.

**Hefuru ihugað skiptinám? Ef já - hvert myndir þú fara?**

Ástralíu

**Hvað stendur í síðasta sms-i sem þú fékkst?**

“afhverju svararu ekki?:(“

**Hvar sérðu þig eftir 5 ár?**

Góðu starfi með nóg af cash.

**Hvað er mottóið þitt?**

You only live once “yolo”



#### Nafn?

Andri Hrafn Viggósson.

#### Þrjú orð sem lýsa þér best?

Ást, friður, umhyggja.

#### Af hverju viðskiptafræði?

Það hefur einhvern veginn aldrei verið nein spurning í hvað ég ætlaði að fara, ætli áhuginn hafi ekki bara kviknað í MS þar sem ég var á Viðskipta og hagfræði kjörsviði.

#### Aldur?

Ég er fæddur 1996 (21 árs).

#### Úr hvaða skóla kemur þú?

Menntakólanum við Sund.

#### Við hvað starfar þú?

Ég starfa hjá 365 miðlum.

#### Uppáhalds kennari?

Ætli það sé ekki Ágúst Ólafur Ágústsson.

#### Uppáhalds fag?

Ummm ætli það sé ekki bara Rekstrarbókhalld.

#### Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Að tapa og smjatt það er fánalega pirrandi.

#### Hvað kaupiru þér oftast í HÁMU?

Ég er mjög mikið í Barbell Caramel Cashew og þarna tilbúna hrísgrjóna kjúklinga bakkanum með sítrónunni og eitthvað.

#### Hvert myndir þú fara ef þú værir ósýnilegur?

Myndi alltaf fara í bankann og ná mér í nokkra Jónas Hallgrímssona.

#### Hvað er þitt guilty pleasure?

Svona fyrsta sem mér dettur í hug er að setja einhverja disney mynd í tækið.

#### Uppáhalds snappari?

Solrundiago er my fav

#### Sætasti kennarinn?

Minn maður Bjarni Frímánn.

#### Hvaða NOCCO finnst þér bestur?

Það er ekki vit í neinu öðru en Tropical.

#### Skemmtileg staðreynd um þig?

Ég vann einu sinni í Ísbílum.

#### Hvað færðu þér í morgunmat?

Væri að ljúga ef ég sagðist fá mér alltaf hafragraut.

#### Hvað gerir þú á sunnudagskvöldum?

Oftast ligg ég í kuðung, þunnur og lítill í mér eftir helgina.

#### Ætluðu á árs hátíðina?

Ég læt mig ekki vanta í gott party!

#### Besti skemmtistaðurinn?

Bankastræti 5

#### Hefuru ihugað skiptinám? Ef já - hvert myndir þú fara?

Heyrðu já! Mér hefur alltaf langað að fara í skiptinám síðan ég var í menntaskóla, vonandi verður eitthvað úr því! En vááá það eru svo margir staðir sem ég myndi vilja fara á!

#### Hvað stendur í síðasta sms-i sem þú fékkst?

Vorum að vinna meter kodu á english

#### Hvar sérðu þig eftir 5 ár?

Ætli ég verði ekki að skríða á 3 ár.

#### Hvað er mottóið þitt?

Hika er það sama og tapa.

# WHAT HAPPENS AT NESU STAYS IN NESU



NESU eða Nordic Economic Student Union, er gríðarleg öflugt nemendafélag sem nær yfir öll norðurlöndin auk Eistlands. NESU ráðstefnan er skipulögð tvisvar á ári, í mars og nóvember. Auður Elísabet Guðrúnardóttir segir okkur nánar frá.

Ráðstefnan er vikulöng og býður ekki aðeins upp á einstakt tækifæri til að kynna öðrum viðskipta- og hagfræðinemendur heldur einnig til að auka þekkingu á náminu og takast á við alvöru verkefni eða vandamál hjá fyrirtækjum. Hver ráðstefna hefur sitt þema, og er unnið í hópum 4 mismunandi verkefni yfir vikuna. Í lok hvers dags eru niðurstöður og lausnir kynntar fyrir yfirmönnum og starfsfólki fyrirtækisins. Slíkt gefur einnig þátttakendum tækifæri til að efla tengslanet sitt og margir þátttakendur hafa fengið atvinnuboð samhliða námi eða að loknu námi vegna ráðstefnunnar. Auk dagprógrams sjá skipuleggjendur til þess að kvöldin séu full af skemmtun.

Að frátöldu dagprógrami er kvöldprógramið jafn frábært ef ekki betra en dagprógramið. Ráðstefnan hefst á stuttum fundi þar sem farið er yfir helstu atriði vikunnar. Eftir fundinn liggur leiðin í sumarbústað þar sem allir taka þátt í sitsi. Í grófum dráttum er sitsi party þar sem allir sitja við langborð og fá nokkra drykki, þrjár „metnaðarfullar“ máltíðir og helling af sterkum skotum. Um kvöldið eru mörg lög sungin, einkennilegar sögur sagðar og allskonar reglur eru sem fáir vilja brjóta. Þetta er frábært leið til að starta vikunni og fyrir fólk að hittast eða kynna nýjum þátttakendum. Helstu þættir sem eiga sér stað yfir ráðstefnuna er hinsvegar: Karaoke party, Nordic evening, city run/pub crawl og stundum hefur verið djamm sundferð og lazer tag. Hápunkturinn er svo Galakvöldverður á laugardeginum þar sem allir fara í sitt fínasta púss, borða þriggja rétta kvöldverð, njóta góðs af opnum bar og dansa fram undir morgun.

Næsta ráðstefna er haldið 19-25 mars í Helsinki, Finnlandi. Háskóli Íslands mun senda sína fulltrúa á ráðstefnuna og munu þeir halda heiðri Íslendinga uppi með drykkju og mikilli skemmtun. Þrátt fyrir að umsóknarfrestur fyrir næstu ráðstefnu er liðinn er kjörið að sækja um í haust en þá er ráðstefnan haldin á Íslandi og frábær leið til að kynna NESU.





# DAGUR Í LÍFI

## SESSELÍU BIRGISDÓTTUR



**advania**

Welcome to IT

Sesselía Birgisdóttir er forstöðumaður stafrænnar miðlunar og markaðsmála Advania



Ég fer íðulega á fætur milli 5.30 og 6.00 á morgnanna. Flestallir dagar byrja á fimmtán mínútna hugleiðslu áður en ég geri nokkuð annað. Þessa dagana finnst mér reyndar gott að fara á æfingar á morgnanna og þá hugleiði ég frekar á kvöldin.

Ég æfi oftast í World Class og fer í jóгатíma eða eitthvað skemmtilegt. Nú er ég í tímum sem kallast Hörkuform og eru einskonar crossfit-tímar. Hreyfing skiptir mig miklu máli og ég set hana í algjöran forgang þar sem vinnudagar mínir einkennast af mikilli kyrrsetu og fundum.

Eftir morgunæfingu fer ég heim, undirbý mig fyrir daginn og drekk 1-2 kaffibolla á meðan krakkarnir mínir koma sér af stað í skólann. Milli 8.30 og 9.00 er ég svo mætt í vinnu. Ég byrja á kaffibolla hjá Árna á kaffihúsi Advania og næli mér svo í hafragraut, boozt og eða ávexti í mótuneytinu.

Áður en ég byrja á verkefnum dagsins skrifa ég hjá mér það sem ég ætla mér að komast yfir þann daginn. Það geta verið stór og smá verkefni en oftast punkta ég hjá mér svona fjóra hluti sem ég er komin á hálan ís með og kannski búin að lofa mörgum sinnum að skila af mér. Mér finnst ótrúlega hjálplegt að skrifa niður þau verkefni sem eru mest áriðandi og þau sem ekki klárast fara efst á listann daginn eftir.

Fundirnir byrja oftast uppúr níu. Sem hluti af lykil stjórnendateymi Advania á ég marga fundi með öðrum stjórnendum yfir daginn þar sem við stillum saman strengi okkar. Svo kemur markaðsteymið saman og fer yfir komandi verkefni. Markaðsdeildin í svona stóru félagi vinnur þvert á deildir, og við komum að verkefnum í öllum hlutum fyrirtækisins.

Vinnudagurinn minn fer að mestu í að elta dagatalið sem er oftast mjög mikið bókað. Ég reyni svo alltaf að eiga hádegis laust svo ég hafi tíma með samstarfsfélögum mínum til að borða í frábæra mótuneytinu hjá Advania. Við förum aldrei út úr húsi til að borða því besti maturinn er undantekningalaust í vinnunni.

Þessa dagana erum við að undirbúa upptökur á nýrri auglýsingaherferð þar sem að mörgu er að huga. Ég leiði stýrihóp fyrir Haustráðstefnu Advania sem verður í september og er ein stærsta tækniráðstefna á Íslandi. Við erum einnig að fara yfir breytingar á alþjóðlegum vef félagsins, advania.com, þar sem birtast fréttir af öllum starfsstöðvum Advania.

Oftast er ég svo komin heim um fimm leytið. Í dag hoppaði ég yfir á Te og kaffi í Borgartúni eftir vinnu og hitti vinkonur mínar í smá stund. Ég var svo komin heim um hálfjö til að græja kvöldmat með fjölskyldunni. Um kvöldið hékk ég svo alltof lengi yfir nýju uppáhalds sænsku sjónvarpsþáttunum mínum, Bonusfamiljen, og veit að það verður ógeðslega erfitt að vakna á morgun.



# Þægilegri bankaþjónusta í Arion appinu

Arion appið er besta bankaappið  
á Íslandi.\* Í appinu getur þú:

- fundið PIN númerin þín
- dreift greiðslum
- skoðað launaseðla
- fryst týnt kreditkort  
og margt fleira.

Náðu í appið í Google Play og App Store

 Arion banki  
- fyrir framtíðina

\*Samkvæmt könnun MMR

# STREET STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE

STREET  
STYLE



**VALDÍS  
BJÖRG  
FRÍÐRIKSDÓTTIR  
FERÐAMÁLAFRÆÐI**



**SNÆRÓS  
AXELSDÓTTIR  
UMHVERFIS-  
OG BYGGINGARVERKFRÆÐI**



**SÓLDÍS  
RÓS  
SÍMONARDÓTTIR  
LÖGFRÆÐI**

STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE

**HRAFNHILDUR  
ÁRNADÓTTIR  
LÖGFRÆÐI**



**ALEXANDER  
KRISTJÁNSSON  
VIÐSKIPTAFRÆÐI**

STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE

STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE



**MATTHÍAS  
HARÐARSSON  
SÁLFRÆÐI**



**ÚLFUR  
TRAUSTASON  
VIÐSKIPTAFRÆÐI**

STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE STREET STYLE

# DAGUR Í LÍFI

## ÁSLAUGAR ÖRNU SIGURBJÖRNSDÓTTUR



### Hver er menntun þín?

Ég er með meistaraþróf í lögfræði frá Háskóla Íslands

### Hverning nýtist námið þitt í starfi?

Lögfræðin er auðvitað nátengd löggjafarstarfinu, það nýtist manni vel að þekkja reglur samfélagsins þegar þú tekur þátt í að móta og breyta þeim.

### Hvaða eiginleika er þarf maður að búa yfir til að vera góður stjórnámaður?

Það er mjög gott að stjórnámaður séu fjölbreyttir einstaklingar, það hefur reynst mér persónulega mjög vel að vera dugleg, framsækin og ákveðin. Það er líka mikilvægt að standa á sínu en að sama skapi eiga auðvelt með að vinna með fólki.

### Hver er daglega rútínan í vinnunni?

Við byrjum dagana á nefndarfundum, ég í utanríkismálanefnd þar sem ég er formaður. Í nefndum þingsins fer fram mikil vinna en fundirnir eru fram að hádegi. Mjög oft nýti ég hádegisdaginn í fundi eða til að hitta fólk. Þá tekur við þingflokksfundur, þar sem ég funda með þingmönnum og ráðherrum Sjálfstæðisflokksins um frumvörp, mál á dagskrá og fleira. Síðan byrjar þingfundur í

þingsalnum. Þess á milli eða þegar á þingfundi stendur og þú þarft ekki að vera við umræðuna er maður síðan að undirbúa sig, skrifa ræður, skipuleggja fundi, lesa efni og kynna sér mál. Auk þess er mikilvægt að rækta starf flokksins síns, mæta á fundi sem eru oft um helgar og auðvitað í útvarps og sjónvarpsviðtöl eftir óskum.

### Helstu áskoranir í starfi?

Að standa undir því trausti sem manni er gefið með að vera kosinn á Alþingi Íslendinga.

### Hvað gerir þú eftir vinnu?

Á virkum dögum kem ég oftast mjög seint heim úr vinnunni og geri lítið annað, en ég er dugleg að nýta þann tíma sem ég á um helgar og stundum eftir vinnu til að hitta vini mína, hreyfa mig og njóta lífsins. Þá langar mig að komast meira á hestbak en ég nýtti frítíma síðasta árs aðallega í meistaraþrófarskrif til að ná að útskrifast í fyrra haust.

### Hvert er þitt motto í lífinu?

Að njóta hvers dags og að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og fólk í kringum mig.

### Einhver heilræði fyrir ungt fólk nýkomið á þritugsaldurinn?

Ekki breyta lífi ykkar í “todo” lista, njótið lífsins, setjið ykkur markmið og finnið hvert þið viljið stefna.

### Lýstu draumadeginum þínum.

Byrja daginn á að hreyfa mig með vinkonunum mínum og Bjössu þjálfara. Fer þaðan niður á þing í vinnuna. Dagurinn myndi síðan samanstanda af áhugaverðum umræðum, árangri í því sem ég er að fást við og einnig að fá að hitta nýtt og ungt fólk sem hefur áhuga á stjórnámalum og að fá tækifæri til að deila reynslu minni. Úr vinnunni myndi ég fá mér gott að borða með vinum mínum og ná að slaka á eftir kvöldmat.



Kynntu þér sumarstörfin  
[bluelagoon.is/atvinna](https://bluelagoon.is/atvinna)  
og sæktu um

# SUMARSTÖRF Í EINSTÖKU UMHVERFI

Við leitum að metnaðarfullum starfsmönnum með ríka þjónustulund í fjölbreytt og spennandi störf í sumar. Við leggjum áherslu á góða samskipta- og samstarfshæfni og bjóðum upp á þægilegan vinnutíma og góðan aðbúnað.

## MEÐAL STARFA Í BODI

- Móttaka og gestgjafar
- Þjónustu- og gæslustörf
- Ýmis störf á veitingasviði
- Ræstingar og þvottahús
- Sölustörf í verslunum
- Ýmis störf á hóteli
- Skrifstofustörf



Einstakt umhverfi



Frábær starfsandi



Skemmtilegt félagslíf



Góður matur



Góð fríðindi



Þjálfun og fræðsla



Rútuferðir til og frá vinnu



2-2-3 vaktavinna eða dagvinna

Umsóknarfrestur er til og með **31. mars**.

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 18 ára aldri.

**BLUE LAGOON**  
ICELAND

# KENNARAR SVARA SPURNINGUM

## Snjólfur Ólafsson

### Te, kaffi eða nocco?

Hef ekki hugmynd um hvað nocco er. Drekk yfirleitt nokkra bolla af kaffi á dag, gjarnan Nespresso kaffi. Te drekk ég stundum þegar ég er með hálsbólgu eð eitthvað slíkt og set þá góðan slurk af hunangi út í.

### Eftirminnilegast atvik úr tíma ?

Tvö ólík atvik koma upp í hugann. Annað var eiginlega ekki atvik, en eitt sinn þegar í stofunni voru 100 viðskiptafræðinemar í O-101 þá tók ég eftir því að allar stelpurnar sátu hægra megin í salnum og allir strákararnir vinstra megin. Hitt atvikið var erfitt, en þegar nemendur komu eitt sinn úr hléi kom ein stúlkan til mín og sagðist hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni frá samnemanda í hléinu.


### Ef þú gætir ferðast fram eða aftur í tíman til hvaða árs myndiru fara? 2040 til að sjá hvar barnabörnin væru stödd í lífinu.

### Hver myndi leika þig í kvikmynd um líf þitt?

Rob Lowe

### Fórstu í viðskiptafræði til að læra að búa til peninga?

Ég hef ekki tekið eitt einasta námskeið í viðskiptafræði. Lærði bara það sem er létt og skemmtilegt, þ.e. stærðfræði. Varð svo óvart ríkur.



## Ársæll Valfells

Te, kaffi eða nocco?

Bjór.

Eftirminnilegast atvik úr tíma?

Það er enn í dag trúnaðarmál milli mín og nemenda.

Ef þú gætir ferðast fram eða aftur í tíman til hvaða árs myndiru fara?

Aftur fyrir miklahvell og taka kóríander út úr uppskrift kosmósins.

Hver myndi leika þig í kvikmynd um líf þitt?

Jean-Claude Van Damme kæmist líklegast nálægt því segja mér fjölmargir aðdáendur mínir.

Fórstu í viðskiptafræði til að læra að búa til peninga?

Fór í viðskiptafræði því hún er opið fræðasvið sem tengist svo mörgum öðrum sviðum. Það gerir hana bæði krefjandi og skemmtilega. Peningar koma oft í kjölfarið á einhverju skemmtilegu og krefjandi sem menn fara svo að fást við.



## Arney Einarsdóttir

Te, kaffi eða nocco?

Kaffi

Eftirminnilegast atvik úr tíma?

Þegar börnin mín þrjú komu í heiminn og get ekki gert upp á milli þessara þriggja „atvika“.

Ef þú gætir ferðast fram eða aftur í tíman til hvaða árs myndiru fara?

Vil alls ekki fara aftur í tímann, finnst hvert ár verða betra.

Hver myndi leika þig í kvikmynd um líf þitt?

Sally Field

Fórstu í viðskiptafræði til að læra að búa til peninga?

Nei alls ekki, heldur til að hafa áhrif á og taka þátt í því að skapa ýmis konar verðmæti og virðisauka í samfélaginu og meðal fólks.



# Ásta Dís Óladóttir

## Te, kaffi eða nocco?

Kaffi, kaffi og meira kaffi. Te er ekki drykkur og ég kæmist ekki upp með að drekka Nocco allan daginn.

## Eftirminnilegast atvik úr tíma?

Þau eru svo mörg, margt sem hefur komið skemmtilega á óvart í gegnum árin. Skemmtilegasta námskeið sem ég hef kennt var Viðskiptahugmyndir sem kennt var í nokkur ár til ársins 2005. Þá voru nemendur með gríðarlegan metnað við að stofna eigin fyrirtæki eða aðstoða fyrirtæki með að fara með vörur þeirra á markað erlendis. T.d kom fyrsta hugmynd að útflutningi á íslensku skyrí í því námskeiði árið 2004 ef ég man þetta rétt og fengu þeir nemendur sérstök verðlaun fyrir sitt verkefni. Eigandi Lindex, Albert Magnússon var einn þeirra nemenda sem þarna var, hann hefur greinilega lært að stofna fyrirtæki. Talandi um það, þá þyrfti að endurvekja það námskeiðið.

## Ef þú gætir ferðast fram eða aftur í tíman til hvaða árs myndirú fara?

Ég er lítið fyrir því að dvelja í fortíðinni, vil frekar horfa til framtíðar. Ég vel árið 2118 og sjá hversu mikilar framfarir hafa orðið á 100 árum. Ég hafði mjög gaman að fyrirlestri Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrverandi forseta þegar hann heimsótti okkur í Alþjóðaviðskiptin s.l. haust og sagði frá þeim breytingum sem orðið hafa síðustu 100 ár. Við erum að tala um í dag að við vitum ekki hvað börnin okkar og barnabörn munu starfa við í framtíðinni, þetta langar mig að sjá. Segi ykkur svo frá því í tíma.

## Hver myndi leika þig í kvikmynd um líf þitt?

Ég spurði eldri dóttur mína að því, Jóhönnu Helgu. Svarið hennar væri að það myndi vera „mildari“ útgáfan af The Devil wears Prada. Hún útskýrði vel af hverju, svo Meryl Streep. Ég sátt við það enda var hún mjög flott í þeirri mynd

## Fórstu í viðskiptafræði til að læra að búa til peninga?

Auðvitað, en ekki hvað. Nei í rauninni þá slysaðist ég í viðskiptafræði, er í grunninn félagsfræðingur sem hef mikinn áhuga á stjórnun og því hvað hvetur fólk áfram. Því lá beinast við að taka smá viðskiptafræði ofan á BA gráðuna, svo stjórnun og stefnumótun. Þegar sú gráða var í höfn þá vildi ég vita allt um samruna og yfirtökur félaga og af hverju þau sækja á erlenda markaði og endaði í doktorsnámi í Copenhagen Business School í alþjóðaviðskiptum. Lífið er fullt af áhugaverðum tilviljunum.... nema þetta sé allt skrifað í skýjin, hver veit.





## Guðrún Johnsen

**Te, kaffi eða nocco?**

Kaffi

**Eftirminnilegast atvik úr tíma?**

Ég man glögglega eftir því þegar kom einu sinni sterkur jarðskjálfti þegar ég var að kenna uppí HR. Það var mjög ónotalegt og maður vissi ekki hvort maður átti að hvetja stúdentana til að fara undir borð eða út. Hann reið þó fljótt af og ekkert hættulegt gerðist, sem betur fer.

**Ef þú gætir ferðast fram eða aftur í tíman til hvaða árs myndirðu fara?**

1987 - þegar Kringlan og Hard Rock Café opnuðu - það var þvítík bylting í verslunarrekstri á Íslandi, verðbréfamarkaðurinn var í fæðingu, menn og konur gengu um með grifflur, í snjóþvegnum gallabuxum með sitt að aftan - það var líka "skattlausa árið" og allt á fullu - good times!

**Hver myndi leika þig í kvikmynd um líf þitt?**

Kate Mckinnon, sú sem leikur Jeff Sessions, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, í gamanþáttunum Saturday Night Live. Ég vona þó að ég sé ekki lík Jeff Sessions..

**Fórstu í viðskiptafræði til að læra að búa til peninga?**

Nei, ég fór aðallega í hana til að læra að greina áhættu, stýra henni og forðast tap.



# RÖSKVA EÐA VAKA

Það er nauðsynlegt fyrir alla stúdenta að huga að hagsmunum sínum og öðrum. Því fengum við formenn stúdentahreyfinganna Röskvu og Vöku að skrifa stuttlega um hreyfingarnar.

## R Ö S K V A

Röskva er samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands, samtök í hagsmunabaráttu stúdentna. Röskva á fulltrúa í Stúdentaráði, Háskólaþingi og í háskólaráði Háskóla Íslands. Röskva er pólitísk og alltaf reiðubúin að hafa hátt um hlutina og berjast fyrir hagsmunum stúdentna. Röskva telur að hlutverk Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) eigi að vera þrýstiafl, sérstaklega á ríkisstjórnina. Hagsmunabaráttu stúdentna á sömuleiðis ekki að takmarkast við Háskóla Íslands, heldur teygir hún anga sína út í samfélagið í sinni fjölbreyttustu mynd.

Rauði þráðurinn í öllu starfi og stefnu Röskvu er jafnrétti allra til náms við Háskóla Ísland óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, kynþætti, trú, búsetu eða efnahagslegri stöðu. Röskva er ómissandi hluti af háskólalífinu, bæði sem nauðsynlegt afl í hagsmunabaráttu en líka sem partur af náminu og félagslífinu.

Röskva hefur í þrjú áratugi staðið vörð um hagsmuni stúdentna og svo sannarlega sett sitt mark á sögu hagsmunabaráttu stúdentna á Íslandi. Frægt er setuverkfall stúdentna á Þjóðarbókhöndunni sem hefur síðan þá skila lengdum opnunartíma og sömuleiðis nýleg afstaða Röskvu í LÍN-málinu á síðasta starfsári sem skipti sköpum fyrir alla stúdentna. Röskva hélt einnig fyrstu mótmælin á háskólasvæðinu í mörg ár fyrir stuttu síðan, þegar Röskvuliðar mættu fyrir utan Gamla Garð og tjölduðu þar. Átak Stúdentaráðs undir stjórn Röskvu fyrir auknum fjárveitingum til Háskólans átti stóran þátt í 1,4 milljarða króna aukningu á milli ára og baráttu Röskvu innan háskólaráðs hefur skilað sér í nýju samkomulagi um byggingu minnst 400 stúdentnaíbúða á háskólasvæðinu. Það skilar árangri að þora að vera pólitísk.

Guðjón Björn Guðbjartsson  
Formaður Röskvu



”

*Rauði þráðurinn í öllu starfi og stefnu Röskvu er jafnrétti allra til náms við Háskóla Ísland óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, kynþætti, trú, búsetu eða efnahagslegri stöðu.*



## V A K A

Vaka – félag lýðræðissinnaðra stúdenta hefur barist fyrir hagsmunum stúdenta í 83 ár. Á þeim árum hefur Vaka leitt Stúdentaráð til margra stórra sigra og barist ötullega fyrir hagsmunum stúdenta. Vaka er hagsmunafélag innan háskólans sem er ótengt landspólitík. Innan Vöku rúmast allar skoðanir enda spyr hagsmunabarátta stúdenta aldrei um hægri eða vinstri. Með því að hafa sem fjölbreyttastan hóp nemenda í okkar röðum getum við talað máli allra nemenda.

Framkvæmdagleði er rauði þráðurinn í starfi Vöku. Við látum verkin tala og framkvæmum stefnumál, í stað þess að stofna einungis starfshópa og nefndir. Við leggjum fyrst og fremst áherslu á betri tengingu háskólans við atvinnulífið, að byggðar verði fleiri stúdentaíbúðir, jafnrétti til náms, umhverfis- og samgöngumál, betri lánasjóð, bætta sálfræðipjónustu, aðgang foreldra að námi og bætt gæði kennslu.

Í námi í viðskiptafræði skiptir tenging við atvinnulífið öllu máli. Eins og staðan er í dag er Háskóli Íslands að dragast aftur úr öðrum íslenskum háskólum í þeim efnum. Vaka vill að nemendur í viðskiptafræði fái reynslu af atvinnulífinu áður en þeir fara út á vinnumarkaðinn, til að bæta atvinnumöguleika þeirra við útskrift. Sem dæmi viljum við bjóða upp á starfsnám fyrir einingar, lokaverkefni í samstarfi við atvinnulífið, efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf innan háskólans, auk þess að stækka og betrubæta atvinnumiðlunina Tengslatorg sem stofnuð var af Vökuliðum.

Með Vöku í forystu verður þessu, og fleiru, komið í framkvæmd.

Elísabet Inga Sigurðardóttir  
Formaður Vöku

”

*Innan Vöku rúmast allar skoðanir enda spyr hagsmunabarátta stúdenta aldrei um hægri eða vinstri. Með því að hafa sem fjölbreyttastan hóp nemenda í okkar röðum getum við talað máli allra nemenda.*

# HEIÐDÍS RÓS

Heiðdís Rós er þrítugur förðunarfræðingur sem býr og lifir draumi í Los Angeles og er að lifa lífinu til fulls og er að vinna að því að upplifa alla sína helstu drauma.



**Hvað varð til þess að þú fluttir erlendis, hvenær fluttiru, hvað ertu að gera þar og hefuru allan tímann búið í L.A.?**

Þegar ég var 12 ára gömul voru upphalds þættirnir mínir 90210 og Melrose Place. Þar kviknaði draumur um að búa í Los Angeles, seinna varð það að markmiði svo að veruleika.

Ég bjó fyrst í New York í hálf ár áður en ég flutti til Los Angeles en núna hef ég búið þar í 9 ár.

Ég er förðunarfræðingur en einnig sé ég um party fyrir frægt og ríkt, í kjölfar þess fæ ég að fara á mjög flotta viðburði og ferðast mjög mikið. Ég er líka mjög góð í að kynnast rétta fólkinu og halda góðu sambandi við þau. Einnig tel ég mig vera frumkvöðull en ég er mikil viðskipta manneskeja og finnst gaman að vera minn eiginn yfirmaður.

**Hvernig þróaðist snapchat-ið þitt í að verða opið snapchat?**

Ég var alltaf með opið snapchat en ég held að boltinn hafi byrjað að rúlla þegar að Trendnet

setti mig á lista yfir bestu snappara til að fylgjast með þá stækkaði fylgjenda hópurinn minn mikið.

Síðan var ég í Miami og nokkrir Íslendingar hlupu upp að mér til að taka snap með mér, þau sögðu "þú ert Heiddis on the go"... ég vissi ekkert að ég væri fræg á Íslandi en það kom mér líka á óvart þegar fólk var byrjað að biðja mig um að senda kveðjur fyrir brúðkaup og afmælis kveðjur og núna vilja allir afmælskveðjur frá mér.

**Ertu með stóran fylgjendahóp og eru þetta þá aðallega Íslendingar eða fólk erlendis líka?**

Það eru 5000-10000 manns sem skoða videoin hjá mér. Það eru ekki bara Íslendingar sem fylgjast með mér, það er fólk allstaðar úr heiminum t.d. frá Dubai, Palestínu, Kólumbíu, Mexíkó, Evrópu og fleira. Ég fæ oft skemmtileg komment og fan pósta og mér finnst það mjög skemmtilegt og það gleður mitt hjarta.

Á snapchat-inu þínu ferðu með "quote dagsins" með fylgjendum þínum á hverjum degi.. Hvað myndirú segja að uppáhalds "quote-ið" þitt væri?

Ég held að uppáhalds Quote-ið mitt sé mitt eigið „ Confidence Will get you a long way believe in yourself and everyone else will too”  
- Heiðdís Rós

En ég elska líka þetta Quote „Be yourself because everyone else is taken”

Nú ertu dugleg að hafa tutorial (kennslu) förðunarmyndbönd af þér bæði á snapchat og á Instagram - hvað er þitt uppáhalds eða go-to make up look og hvaða vörur eru í uppáhaldi hjá þér?

Ég er aldrei með eins augnförðun en ég hef verið að nota mikið upp á síðkastið Huda Beauty Desert Dusk pallettuna.

Mínar uppáhalds vörur í augnablikinu er augnskugga og highlight palletturnar frá Huda Beauty, La mer moisturizer, vörurnar frá Farsail, svo elska ég Kat Von D tattoo liner-inn, hann er geggjáður og auðvelt að nota hann.

Ertu lærður förðunarfræðingur? Ef svo er, hvar lærdiru og hvað fannst þér um námið?

Já ég er lærð förðunarfræðingur og búin að vera það í 12 ár. Ég hef farið í nokkra skóla en fyrsta námið mitt var hjá Rifka Make up school. Stuttu eftir það var ég ráðin sem aðstoðar verslunarstjóri hjá Mac sem var að opna nýja búð í Kringlunni og vann ég þar í ár.

Ég myndi segja að ég lærði margt á því að vinna hjá Mac en svo lærði ég airbrush förðun hjá Sollu í Airbrush Make up school.

Að lokum flutti ég til Los Angeles og lærði Prosthetics og Special Effect hjá Joe Blasco make up school. Svo horfi ég mikið á YouTube myndbönd hjá áhrifavöldum og kenni mér mikið sjálf.

Nú kom viðtal við þig þar sem þú sagðist vilja eða ætla að verða næsta Kim Kardashian - .. ertu að gera eitthvað ákveðið til að ná þeim markmiðum eða var þetta bara smá grín?

Nei það sem Kim gerir er að hún sýnir bara að öll umfjöllun er góð umfjöllun. Hún er trendsetter og það er það sem ég elska við hana. Hún breytti förðunarheiminum - highlighting og contouring er eitthvað sem hún uppgötvaði. Í dag er hún með sína eigin förðunarlínu og hún leitaði til áhrifavalda í förðunarheiminum til að kynna vöruna sína.

Hún er alltaf að koma með eitthvað nýtt og fjölskyldan hennar er ein af mest umtöluðu fjölskyldum í heimi.



”

Mig langar að vera næsta Kim K, skilurðu. Það er ekki bara það sem mig langar að verða – ég ætla og ég er mjög ákveðin manneskja.  
- Nútíminn

### Ertu með einhver skemmtileg nýársheit á nýja árinu?

Á þessu ári ætla ég að halda áfram að vinna í sjálfri mer og að markmiðum mínum. Ég ætla að losa mig við neikvætt fólk sem dregur mig niður og nýta hvern einasta dag eins og það sé minn síðasti. Einnig ætla ég að vera þakklát fyrir upplifanir mínar, góða fólkið í kringum mig og fjölskyldu.

Ég ætla mér að halda á fram að vera fyrirmynd fyrir fylgjendur mína og reyna að hvetja fólk áfram að taka áhættur

### Hvar sérð þú þig eftir 5-10 ár?

Eftir í 5-10 ár mun heimurinn vita hver ég er. Ég mun hafa haldið marga fyrirlestira, margar greinar verið birtar um mig í öllu tímaritum og búin að birtast á Forbes list. Ég mun ábyggilega eiga minn eigin förðunarskóla, förðunarlínu, fatalínu og fleira.

Vonandi verð ég gift drauma eiginmanni mínum og bý í fallegu húsi í Beverly Hills með tvo til þrjú börn, orðin fjárhagslega sett svo ég geti ferðast heiminn og lifað mínu drama glamour lífi. Verið búin með bókina mína og búin að skrifa handrit og vonandi búin að birtast í kvikmyndhúsum.

### Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri?

Allur árangur byrjar a draumi, svo er að taka drauminn og gera hann að hugmynd svo er að ímynda sér lífstíllinn og gera hann að veruleika. Ég vil bara minna alla a að allt er mögulegt. Ef þú hefur drauma og langar að láta þa rætast, til að ná árangri er að vinna í því markvisst og hugsa um það alla daga og setja sér plön til að ná markmið sínu.

Það er sem ég hef gert og allir sögðu að ég gæti ekki hlutina og rakkað mig niður ég hef sko sýnt þeim i verki að það stoppar mig enginn!!

**Instagram:** Hrosmakeup

**Twitter:** Hrosmakeup

**Snapchat:** Hrosmakeup

**YouTube:** Hrosmakeup



# ”

Eftir í 5-10 ár mun heimurinn vita hver ég er.



# NEMENDUR

Í VIÐSKIPTAFRÆÐI SEM EIGA FYRIRTÆKI

Máguasartíðindi 2018

## BIRGIR FREYR

Reykjavík Rollercoaster



Geturðu lýst stuttlega hvað fyrirtækið gengur út á? Við erum að framleiða sýndarveruleikaupplifun þar sem notandi þeytist um í rússibanahermi í gegnum undur íslenskrar náttúru.

Hvaðan kom hugmyndin?

Á fundi hjá framleiðslufyrirtækinu Motive Productions á milli verkefni og fórum í hugmyndavinnu um hvað væri hægt að gera á milli verkefna.

Finnst þér námið hafa hjálpað þér að einhverju leiti? Námið hefur hjálpað til rekstrarlega séð en við erum ekki komnir á þann stað að við þurfum að markaðssetja vöruna okkar nema fyrir fjárfestum.

En finnst þér það að reka fyrirtæki hafa hjálpað þér að skilja námið betur?

Já ég myndi segja það, gott að geta sett námsefnið inn í aðstæður fyrirtækisins en oftast gengur námið meira út frá fræðilegu sjónarmiði.

Hvernig fannst ykkur vera að koma sér á framfæri?

Gekk mjög vel eftir að við skráðum okkur í Gulleggið og komumst í topp 10.

Fenguði einhverja styrki til að koma hugmyndinni af stað?

Höfum ekki þurft þá hingað til en núna erum við komnir á það stig framleiðslunar að við þurfum að fara að sækja um styrki til að halda áfram.

Hefurðu einhver góð ráð fyrir aðra?

Ekki hika við að tala við fólk um hugmyndina ykkar því það er alltaf gott að fá „feedback“ frá öðrum. Einnig er mjög gott að skrá sig í Gulleggið.

Hvert er framhaldið?

Sækja um styrk og leita til fjárfesta til að klára að framleiða vöruna.

Hvar sjáið þið ykkur í framtíðinni?

Reykjavík Rollercoaster í Disneyland.

Viltu segja eitthvað að lokum?

Að stofna fyrirtæki er mjög krefjandi og tekur mikinn tíma en er klárlega þess virði!

# STEFÁN ATLI

KALT

KALT



Geturðu lýst stuttlega hvað fyrirtækið gengur út á? KALT er framleiðslufyrirtæki sem framleiðir myndbönd og auglýsingar fyrir samfélagsmiðla fyrirtækja. Við höfum unnið með fyrirtækjum á borð við Toyota, Strætó, NOVA, Kjörís, Áttunni og 1819.is við framleiðslu á myndefni fyrir samfélagsmiðla þeirra.

Hvaðan kom hugmyndin?

Frá því að ég og Ingi Bauer vorum í menntaskóla höfum við verið að gera stuttmyndir og sketcha saman. 2015 fór Ingi svo til Los Angeles í skóla að læra hljóðblöndun. Þegar hann kom til baka frá Los Angeles í byrjun árs 2017 fórum við ásamt Róberti Úlfarssyni að tala um hvað okkur langaði að fara meira á fullt í að búa til myndbönd og skemmtilegt efni fyrir samfélagsmiðla. Þegar við fórum af stað með fyrirtækið í upphafi langaði okkur líka að bjóða uppá leitarvélabestun og stafræna markaðsetningu, en við ákváðum að sérhæfa okkur frekar í því sem við kunnum best og halda okkur við myndbandagerð.

Finnst þér námið hafa hjálpað þér að einhverju leiti? Það eru margir punktar sem hægt er að taka úr náminu og nýta sér við rekstur á fyrirtæki. Þeir áfangar sem hafa hjálpað mér hvað mest eru, markaðsfærsla þjónustu og vörumerkjastjórnun með Þórði einnig lögfræði A með Ágústi Ólafi, þar sem hann útskýrir m.a. kosti og galla þess að vera með EHF og SLF. Annars myndi ég segja að besta námið sé að fara út og gera hlutina, ég hef lært mikið af því.

En finnst þér það að reka fyrirtæki hafa hjálpað þér að skilja námið betur?

Já, dæmi úr viðskiptalífinu hjálpa alltaf til við að skilja fræðilega partinn. Þegar maður er búinn að vera að reka fyrirtæki í næstum heilt ár og situr í tíma þá tengir maður meira við hugtök sem verið er að tala um því maður er búinn að upplifa þau sjálfur með KALT í viðskiptalífinu.

Hvernig fannst ykkur vera að koma sér á framfæri?

Það er mikil áskorun að koma sér á framfæri. Ég og samstarfsfélagi minn Ingi Bauer byrjuðum með vikuleg VLOG áður en við fórum af stað með fyrirtækið KALT. Fólk sá vloggin okkar og fór að hafa samband





við okkur og biðja okkur um að framleiða myndbönd og auglýsingar. Þá vissum við að það væri eftirspurn eftir myndböndum sem við vorum að framleiða og ákváðum þar af leiðandi að fara á fullt í að framleiða myndbönd.

Fengu þið einhverja styrki til að koma hugmyndinni af stað?

Það getur verið rosalega góð leið fyrir fyrirtæki að fá styrki við stofnun fyrirtækja en við greiddum allan kostnað úr okkar eigin vasa. Við tókum að okkur nokkur verkefni til að greiða allan start-kostnað.

Hefurðu einhver góð ráð fyrir aðra?

Það er alltaf erfitt að taka stökkið og byrja, en ef maður gerir það mun maður alls ekki sjá eftir því. Fyrstu mánuðina sem við vorum starfandi var ekkert brjáláð að gera hjá okkur svo það var alltaf áskorun að mæta og gera bara eitthvað, sækja verkefni einhvert. En það er rosalega nauðsynlegt, sérstaklega þegar maður er að byrja að mæta daglega, sama hvort það sé mikið að gera eða ekki. Ingi hefur alltaf sagt að ef maður gefst aldrei upp þá muntu ná árangri. Þetta tekur mikinn tíma en hver mínúta er þess virði.

Hvar sjáið þið ykkur í framtíðinni?

Við sjáum fram á að við verðum búnir að stækka við okkur. Búnir að bæta við okkur starfsfólki og að við verðum ennþá að framleiða skemmtileg myndbönd fyrir samfélagsmiðla og stærri netmiðla.

Viltu segja eitthvað að lokum?

Ég vill hvetja alla sem vantar eitthvað myndefni að kynna sér þjónustuna sem við í KALT höfum uppá að bjóða. Endilega komdu í kaffi eða skoraðu okkur á hólmi í fússball. Síðan langar mig að minna á vefsíðu okkar [www.KALT.is](http://www.KALT.is).

# ALEXANDER

## I CAN SEE YOU



Geturðu lýst stuttlega hvað fyrirtækið gengur út á? Fyrirtækið snýr að mestu leiti að hönnun og dreifingu á tiskufatnaði sem er af góðum gæðum og undir okkar vörumerki sem er I CAN SEE YOU.

Hvaðan kom hugmyndin?

Hugmyndin kom þannig til að félagi minn var að leika sér að búa til föt á netinu. Hann sýndi mér það sem hann hafði hannað og mér fannst það alveg magnað. Við ákváðum þá að prófa að kaupa fyrst 50 boli, en þá seldum við alla eftir fyrstu vikuna. Eftir það höfum við séð þetta stækka ört.

Finnst þér námið hafa hjálpað þér að einhverju leiti? Já vissulega. Mér finnst þó sumir áfangar hafa hjálpað mér meira en aðrir. Í hverjum áfanga má finna eitthvað sem gagnast manni, en hvað það er þarf maður að finna út sjálfur.

En finnst þér það að reka fyrirtæki hafa hjálpað þér að skilja námið betur?

Ég hugsa þetta svona: Þegar ég var að læra að klippa hár, þá lærðum við fyrst út frá myndböndum og verkefnum hvernig átti að klippa. En þegar tók til að fara klippa hár að þá var þetta allt öðruvísi en maður hélt. Maður átti erfitt með að halda á skærunum rétt og hvað þá að klippa beint. Að reka fyrirtæki með námi er soldið það sama finnst mér. Það er margt sem þú lærir með því að gera hlutina sjálfur. Þannig já, ég myndi segja það.

Hvernig fannst ykkur vera að koma ykkur á framfæri?

„Fatamarkaðurinn er blóðugur markaður, ertu viss um að þú viljir selja föt?“ Þetta sagði Þórður Sverrisson kennari við mig blákalt eftir einhvern tíma þar sem ég kom og böggadi hann með spurningu eins og oft áður. Það er mikið til í þessu hjá honum. Þetta er markaður þar sem margir eru inn á og því erfitt að hafa hátt. Engu að síður höfum við náð okkar skilaboðum í gegn með allskonar leiðum.

Fenguði einhverja styrki til að koma hugmyndinni af stað?

Allt sem við höfum gert hefur verið fjármagnað úr okkar eigin vösum. Ekki það að þeir séu eitthvað sérlega djúpir, meira það að það kostaði ekki mikla vasabyngd að koma þessu af stað.

Hefurðu einhver góð ráð fyrir aðra?

Ef þig langar að stofna þitt eigið fyrirtæki, þá myndi ég segja þér að gera það núna. Það er enginn betri tími heldur en núna.

Hvert er framhaldið?

Ég ætla að halda áfram að læra, I CAN SEE YOU ætlar að halda áfram að stækka og er von á flíkum í búðir á Akureyri, Egilsstöðum og Reykjavík núna sem fyrst.


Hvar sjáið þið ykkur í framtíðinni?

Ætli við verðum ekki að miða á stjórnurnar og segja að í framtíðinni sést I CAN SEE YOU í fatabúðum um allan heim.



Viltu segja eitthvað að lokum?

Mig langar að nefna tvo hluti. Númer eitt er að það eru ekki til mistök, bara lærdómur. Númer tvö, kíkðu á mig í klippingu. Alltaf opinn fyrir nýju fólki, hafið bara samband og við finnum tíma. Kannski ég nefni það þriðja líka: Checkið á okkur á Instagram @whocanseeyou.



# ÞEKKTIR SNAPPARAR

## SVARA SPURNINGUM

APPARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPA  
PARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPARA  
APPARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPA

PARAR  
APPARAR  
PARAR  
APPARAR  
PARAR  
APPARAR  
PARAR  
APPARAR  
PARAR  
APPARAR  
PARAR  
APPARAR  
PARAR  
SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPARA  
APPARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPA  
PARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPARA  
APPARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPA



PARAR  
APPARAR  
PARAR  
APPARAR  
PARAR  
APPARAR  
PARAR  
APPARAR  
PARAR  
APPARAR  
PARAR  
SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPA  
PARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPARA  
APPARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPA



APPARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPA  
PARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPARA  
APPARAR SNAPPARAR SNAPPARAR SNAPPA

## Kara Kristel

**Dú ert litur í vaxlitaboxi, hvaða litur væriru og afhverju?**  
Ég væri appelsínugulur í augnablikinu, en það færi eftir hvaða dagur er... Ég gæti aldrei verið bara einn litur..

**Hver er þín helsta fyrirmynd?**  
Engin ein manneskja, það fer líka eftir dögum.. oftast er það Kris Jenner og NAV.

**Nefndu 4 hluti sem þú ert með í vasanum eða veskinu þínu.**  
Hleðslutæki, síminn, gloss og yfirleitt eitthvað krumpað blað.

**Ef mörgæss myndi labba inn til þín núna með sólhatt, hvað myndi hún segja og hvað væri hún að gera heima hjá þér?**  
Hún myndi segja hæ, takk fyrir seinast má ég fá annann ís? Því allir vita að ég á bara ís í frystinum mínum.

## Brynjar Steinn

**Dú ert litur í vaxlitaboxi, hvaða litur væriru og afhverju?**  
Grænn af því að það er uppáhalds liturinn minn.

**Hver er þín helsta fyrirmynd?**  
Patrick Starr.

**Nefndu 4 hluti sem þú ert með í vasanum eða veskinu þínu.**  
Bílyklarnir, mintusprey, ilmvatn og síminn.

**Ef mörgæss myndi labba inn til þín núna með sólhatt, hvað myndi hún segja og hvað væri hún að gera heima hjá þér?**  
Segja mér að fara til útlanda því ég á það skilið og hún kom til að motivate-a mig.



## Eva Ruza

### Dú ert litur í vaxlitaboxi, hvaða litur væriru og afhverju?

Rauður. Það er vísindalega sannað að fólk grípur í skæra liti úr liaböxum (Ég er viss um að svona könnun er til). Ég vil skína sem skærast. Hvort sem það er litur eða ekki.

### Hver er þín helsta fyrirmynd?

Fyrir utan mömmu og pabba þá verð ég að segja Ellen DeGeneres. Kona sem dreifir gleði og hómur í allt lífið. Nauðsynlegt að eiga eina Ellen ef manni vantar hlátur í lífið.

### Nefndu 4 hluti sem þú ert með í vasanum eða veskinu þínu.

Húslykla, eða þeir eiga að vera þar. Gætu verið einhversstaðar annarsstaðar því ég er alltaf að týna þeim. Gloss, nauðsynlegt í rokinu og vetrinum að vera með gloss á vörunum sem hárið klínist og festist í. Eitthvað sem við íslenskar konur höfum lært að lifa með. Síminn, ég sverða ef ég gleymi símanum heima þá finnst mér vanta handlegg á mig. Það er óþolandi tilfinning að vera háður þessari litlu en jafnframt mikilvægu græju. Akkurat núna er dúkahnifur í vasanum á úlpunni minni. Ef ég byggji í US and A þá væri ég komin í djeilið fyrir að ganga um vopnuð. En ég var að vesenast með blómaskreytingar og í blómabransanum er dúkahnifur það mikilvægasta á eftir vatni.

### Ef mörgæs myndi labba inn til þín núna með sólhatt, hvað myndi hún segja og hvað væri hún að gera heima hjá þér?

“Hæ sæta (gæfi mér það hún væri karlkyns og skotin í mér) má bjóða þér ískaldankokteil” Svo myndi hann kjaga inn í eldhús, hrista einn óáfengan kokteil með miklum klaka og gefa mér hann. Hann væri nátturulega að reyna við mig, en ég myndi afþakka þar sem ég sé enga framtíð í faðmi mörgæsar (og er harðgift líka reyndar).



## Helgi Ómars

**Þú ert litur í vaxlitaboxi, hvaða litur væriru og afhverju?**

Ég væri eflaust bara sá hvíti, hann getur gert mynd svo extra flotta þegar maður blandar honum ofan í hina litina. Væri ekki gaman að vera með þannig tilgang? Að gera hluti betri.

**Hver er þín helsta fyrirmynd?**

Mjög góð spurning. Held ég eigi mér ekki eina fyrirmynd, ég tek mér allskonar til fyrirmyndar frá hinu góða í fólki sem ég hitti og þekki.

**Nefndu 4 hluti sem þú ert með í vasanum eða veskinu þínu.**

Sem reglu er ég alltaf með: Símann minn, veskið mitt, lyklana mína & heyrnatólin mín.

**Ef mörgæis myndi labba inn til þín núna með sólhatt, hvað myndi hún segja og hvað væri hún að gera heima hjá þér?**  
Pass!



## Stefan Octavian

**Þú ert litur í vaxlitaboxi, hvaða litur væriru og afhverju?**

Pink af því pink er eitt af uppáhalds litum mínum, og það gleður hann að sjá bleika liti.

**Hver er þín helsta fyrirmynd?**

Ég er bara ekki alveg viss, held að móðir mín sé þar. Já mamma er mín fyrir mynd.

**Nefndu 4 hluti sem þú ert með í vasanum eða veskinu þínu.**

Kortið mitt, mynd af devin og starfsmannakort er bara með 3 haha.

**Ef mörgæis myndi labba inn til þín núna með sólhatt, hvað myndi hún segja og hvað væri hún að gera heima hjá þér?**  
Ég myndi springa úr hlátri og spyrja hvaða rugl væri í gangi.



## Starkaður Pétursson

**Pú ert litur í vaxlitaboxi, hvaða litur væriru og afhverju?**  
Appelsínugulur, hann minnir mig alltaf á appelsínu chuppa chups, geggaður sleikjó.


**Hver er þín helsta fyrirmynd?**  
Helsta fyrirmynd væri líklegast pabbi gamli- eða Ralph Fiennes, geggjaður leikari.

**Nefndu 4 hluti sem þú ert með í vasanum eða veskinu þínu.**

Veskið mitt, síminn minn, passamynd af gamalli konu sem ég fann á flugvellinum á Tenerife og númeramiðar úr Nova-smáralind.

**Ef mörgæs myndi labba inn til þín núna með sólhatt, hvað myndi hún segja og hvað væri hún að gera heima hjá þér?**

Hún væri að biðja mig um 4 egg í ommilettu. Ég fæ hana til að setjast niður og spjalla og viti menn – hún er 4 barna móðir, fráskilinn, og leigir út íbúð í Bergstaðastræti.



## Heiðar Logi

**Pú ert litur í vaxlitaboxi, hvaða litur væriru og afhverju?**  
Blár eins og hafið af því það er minn heimavöllur.

**Hver er þín helsta fyrirmynd?**  
Jón Jónsson. Alltaf brosandí, einlægur og góð fyrirmynd.

**Nefndu 4 hluti sem þú ert með í vasanum eða veskinu þínu.**

Sími, lyklar, nótur og hleðslubanki.

**Ef mörgæs myndi labba inn til þín núna með sólhatt, hvað myndi hún segja og hvað væri hún að gera heima hjá þér?**

Drullaðu þér á lappir. Við erum að fara að sörfu!

# STJÖRNUSPÁ



## Vatnsberi 20. janúar - 18. febrúar

Happadagur þinn: 19.mars

Pikkup línan þín er: Ég væri til í að gifstast kettinum þínum ... bara til að komast inn í fjölskylduna

Mottó-ið þitt: "WWBBD, sem stendur fyrir what would Bjarni Ben do?"



## Fiskar 19. febrúar - 20. mars

Happadagur þinn: 3. Mars

Pikkup línan þín er: Viltu koss, hoss eða bæði?

Mottó-ið þitt: "Fries before guys".



## Hrútur 22. mars - 19. apríl

Happadagur þinn: 28.mars

Pikkup línan þín er: Ef ég væri smokkur þá væri ég alltaf inni þér áhyggjulaus

Mottó-ið þitt: Haltu áfram, ekki stoppa, finndu taktinn og ekki droppa.



## Naut 20. apríl - 20. maí

Happadagur þinn: 7.mars

Pikkup línan þín er: Heitirðu Sumar? Bara þæling, ert svo hrikalega hott!

Mottó-ið þitt: Hik er sama og tap.



## Tvíburar 21. maí - 21. júní

Happadagur þinn: 9.mars

Pikkup línan þín er: Má ég bjóða þér upp á drykk eða viltu kannski bara peninginn?

Mottó-ið þitt: Ekki gera hlutina í dag ef þú getur gert þá á morgun.



## Krabbi 22. júní - 22. júlí

Happadagurinn þinn: 31.mars

Pikkup línan þín er: Líkar þér við vatn? Því þá líkar þér nú þegar við 73% af mér.

Mottó-ið þitt: Prufaðu allt einu sinni.



## Ljón 23. júlí - 22. ágúst

Happadagur þinn: 25.mars

Pikkup línan þín er: Trúir þú á ást við fyrstu sýn eða ætti ég að ganga fram hjá þér nokkrum sinnum?

Mottó-ið þitt: Taktu lífinu ekki of alvarlega, þú kemst ekki lifandi frá því.



## Meyja 23. ágúst - 22. september

Happadagur þinn: 15.mars

Pikkup línan þín er: Dagsetningin á smokkunum mínum er að renna út, geturðu hjálpað mér?

Mottó-ið þitt: Ekki hafa áhyggjur af því sem þú getur ekki breytt.





### Vog 23. september - 22. október

Happadagur þinn: 11.mars

Pikkup línan þín er: Ég er ekki að horfa á brjóstin á þér, ég er að horfa á hjartað í þér.

Mottó-ið þitt: Þetta gæti verið verra.



### Sporðreki 23. október - 21. nóvember

Happadagur þinn: 22.mars

Pikkup línan þín er: Get ég boðið þér í glas eða viltu bara peninginn?

Mottó-ið þitt: Betra er autt rúm en illa skipað.



### Bogamaður 22. nóvember - 21. desember

Happadagur þinn: 25.mars

Pikkup línan þín er: Varstu að prumpa? Nei bara, you blow me away sko!

Mottó-ið þitt: Fleiri fellingar, fleri stellingar.



### Steingeit 22. desember - 19. janúar

Happadagur þinn: 30.mars

Pikkup línan þín er: Ef þú værir „leg day“ myndi ég aldrei sleppa þér.

Mottó-ið þitt: Betra að vera seinn og sætur heldur fljótur og ljótur.

Icons made by Freepik from www.flaticon.com

# VELKOMIN Í Í HR

Opið fyrir umsóknir  
í meistaranám  
til 30. apríl

„Starf mitt hjá HS Orku felur í sér margar skemmtilegar áskoranir og ég tel mig vera enn betur undirbúinn að takast bæði á við þær sem og nýjar. Námskipulagið var sveigjanlegt og ég fann gott jafnvægi milli náms og vinnu.“

#### Matthías Örn Friðriksson

Deildarstjóri reikningshalds hjá HS Orku  
MCF í fjármálum fyrirtækja frá HR 2017

# SKIPTINÁM

Skiptinám er skemmtileg og spennandi leið til að brjóta upp á námið og taka hlut af því erlendis. Háskóli Íslands býður nemendum sínum á að fara annaðhvort yfir eina önn, heilt ár eða að fara yfir sumarið.

Skólinn er í samstarfi við yfir 500 háskóla út um allan heim svo hvort sem þú vilt fara hinum megin á hnöttinn, í ódýra þjórnin í Belgíu, hafa það hygge í Danmörku eða finna ástina í París þá er HÍ með skólann fyrir þig.



## SKIPTINÁM KÍNA JENNA BJÖRK

Ég heiti Jenna Björk og er 22 ára háskólaskiptinemi í Peking. Skiptinámið er hluti af námi mínu í HÍ þar sem ég er að læra viðskiptatengda kínversku. Námið samanstendur annars vegar af Mandarin kínversku, kínverskri menningu og sögu og viðskiptafræði hins vegar. Í framhaldinu ætla ég að fjalla stuttlega um reynslu af skiptináminu og dvöl minni í Kína.

### Afhverju Kína?

Mjög góð (og algeng) spurning. Kína er að sjálfsögðu gríðarstór markaður og Kína er vaxandi stórveldi svo þar bjóðast fjölmörg tækifæri. Eftir menntaskóla var ég ekki alveg viss hvað ég vildi gera þangað til ég sá námsleiðina auglýsta hjá HÍ og varð virkilega spennt fyrir henni. Ég sá þetta sem háskólagráðu með Asíureisu.

Umsóknarferlið var frekar auðvelt. Því fylgir þó ágætlega mikil pappírsvinna og smá föndur, eins og gengur. Skrifstofa alþjóðasamskipta og aðrir starfsmenn skólans sem koma að umsóknarferlinu voru virkilega hjálpleg og auðvelduðu ferlið verulega. Það kom mér reyndar á óvart hvað

umsóknarferlið var auðvelt og hvað nemendum bjóðast frábær tækifæri þegar kemur að skiptinámi. Háskóli Íslands er með samninga við um 200 háskóla um allan heim og í hverjum þeirra á HÍ tvö sæti. Ég hefði getað farið í háskóla hvar sem er í Kína og ég gat m.a. valið milli fjölda skóla í Peking.

Dvölin í Peking hefur hingað til verið æðisleg. Í raun mun auðveldari áhugaverðari og skemmtilegri en ég þorði að vona. Auðvitað er erfitt að flytja á stað þar sem menningin en mjög ólík þinni eigin og fáir tala ensku. Fyrsta vikan var smá strembin þar sem ég þurfti að koma mér fyrir og læra á umhverfið en mér fannst bara spennandi að vera

komin á nýjan stað og þurfa að redda mér. Margir vinir mínir tala um það hvað fyrsta vikan hafi verið erfið þar sem maður þekki engan og allt svo nýtt og flókið, og á kínversku! En ég held að þetta sé ein af þessum stundum þar sem maður græðir á því að vera bara Pollyanna, leyfa sér að gera mistök og hafa gaman af því að fá oftast eitthvað óvænt í matinn þar sem þú skilur ekki matseðilinn.

## Tsinghua University

Ég er í Tsinghua University sem er gríðarstór og virtur háskóli. Ég bý á heimavist á háskólasvæðinu, sem er eiginlega eins og lítil bær innan Peking. Lífið á háskólasvæðinu er mjög skemmtilegt, það er alltaf fullt af nemendum allstaðar (í Kína er svo sem alltaf fullt af fólki allstaðar) og það er alltaf eitthvað um að vera.



”

Ég hef aldrei kynnst eins mörgu fólki á eins skömmum tíma en það er líka auðvelt að kynnast nýju fólki vegna þess að allir sem eru mættir hingað eru á sama báti og þú.

Fyrstu vikuna mína vaknaði ég til dæmis alltaf við her-æfingar á skólalóðinni, sem fór ekki of vel í litla her-hrædda Íslendinginn. Vinir mínir búa flestir á háskólasvæðinu og vinahópurinn verður svolítið eins og lítill fjölskylda. Jólin voru til dæmis mjög sérstök í ár. Kínverjar halda í fyrsta lagi ekki upp á jólin svo ég mætti í tíma á jóladag (heppin að aðfangadagur var sunnudagur). Á aðfangadag elduðum við saman og héldum lítið matarboð. Á jóladag fór ég með öðrum vinahópi í jóla-pizzu og eftir það út á lífið. Eins og maður gerir. Ég er mikið jólabarn og var búin að kvíða því að halda upp á jólin án þess að vera í fadmi fjölskyldunnar en jólin í ár reyndust virkilega skemmtileg og eftirminnileg.

Í háskólanum mínum er mikið af skiptinemum og alþjóðlegum stúdentum, 2500 manns ef mig minnir rétt. Ég hef aldrei kynnst eins mörgu fólki á eins skömmum tíma en það er líka auðvelt að kynnast nýju fólki vegna þess að allir sem eru mættir hingað eru á sama báti og þú. Það eru allir mættir til að kynnast nýju fólki, skemmta sér og upplifa nýja hluti.

Þessa önn hef ég lagt alla áherslu á Kínversku en næstu önn mun ég læra viðskiptafræði. Skólinn býður upp á ágætt úrval af áföngum á ensku og nokkra sem eru “bilingual” sem mér skilst að séu kenndir á kínversku að öllu leiti að utanskildum örfáum enskum orðum á glærum kennarans. Námið mitt fer einungis fram á kínversku, sem er auðvitað besta leiðin til þess að læra tungumálið þó það geti líka virkað yfirþyrmandi.

Peking er æðisleg borg, ég er mjög hrifin af henni. Það er auðvitað alltaf nóg af fólki allstaðar og fullt af mat. Ég mun örugglega aldrei skilja hvernig umferðin virkar en hver bíll keyrir nokkurn veginn bara eftir eigin umferðarreglum. Peking er órtúlega fjölbreytt og sérstök, þó sum hverfi minni á Manhattan eða aðrar vestrænar stórborgir, hefur hún alltaf þetta kínverska “vibe” sama hvert maður fer. Það eru alltaf læti, fullt af fólki og það er alltaf matarlykt allstaðar.

Peking er mikil menningarborg með langa og merkilega sögu en þar er að finna merkilegar byggingar og staði sem gaman er að heimsækja. Við fórum til dæmis og gistum á Kínamúrnum, gengum í nokkra tíma upp að veggnum og fundum hluta hans þar sem er tæknilega bannað að vera og gistum þar undir berum himni. Það var magnað. Í Peking er líka mikið um gömul hverf sem kallast Hutong og þar býr fólk ennþá með hvorki hita né rafmagn eða rennandi vatn. Þetta eru lágrest hverfi byggð með þröngum götum og það er gaman að skoða því það er smá eins og að fara



a.m.k. 100 ár aftur í tímenn. Kína er búid að þróast svo gríðarlega á skömmum tíma að það eru mjög áberandi andstæður í menningunni. Sérstaklega milli eldri og yngri kynslóða, ríkra og fátækra og borga og sveita.

### Menningin

Menningin er virkilega sérstök og virðist vera mótuð að mörgu leiti af fólksfjöldanum. Fólk er almennt ekkert að skipta sér af þér, nema þegar fólk frá sveitunum sér þig og þau raða sér upp til að taka myndir með þér (#Beyonceforaday!), en það er ótrúlega hjálplegt og kurteist. Afgreiðslu- og þjónustumenningin er sérstök. Afgreiðslu- og sölufólk er ekki að reyna að selja þér neitt. Hugarfarið er frekar “ef þú kaupir þetta ekki þá gerir einhver annar það..”. Svipað á við um þjóna á veitingastöðum, ef þig vantar aðstoð þarftu að kalla “fuwuyuan!” eða “þjónn!” annars færðu enga aðstoð. Ég er ennþá að venjast þessu. Maturinn er frábær! Það gladdi mig mjög því ég var virkilega stressuð að þurfa að búa í heilt ár í landi þar sem maturinn er vondur, þar dreg ég mörkin. Kínverskur matur í Kína er allt öðruvísi en

kínverskur matur á vesturlöndum, hann er sterkur og bragðmikill og hráefnið er mjög fjölbreytt. Maturinn er líka mjög ódýr, á háskólasvæðinu kaupi ég yfirleitt máltíðina á u.þ.b. 100-300 ISK.

Mín upplifun af skiptináminu hefur verið alveg frábær, ég hef fengið að kynnast fullt af frábæru fólki, smakkað fullt af skrítnum mat og upplifað ótrúlega margt. Ég komst inn í leikhópinn hjá leiklistarfélaginu og næstu önn erum við að fara að setja upp söngleik. Ég er reyndar eina sem er ekki kínversk svo æfingarnar eru mjög áhugaverðar þar sem þær eru bara á kínversku. Ég ákvað að nýta tækifærið meðan ég er hérna úti og taka stutta Asíureisu í vetrarfríinu sem er u.þ.b. einn mánuður. Ég gæti ekki mælt meira með því að fara í skiptinám, það er bara ævintýri með háskólagráðu.

# SUMARSKIPTINÁM KAUPMANNAHÖFN



|  
SÓLEY ÓSK

## Kaupmannahöfn

Mig hefur alltaf langað að stunda nám erlendis en á sama tíma verið rosalega heimakær og ef ég færi út þá væri það ekki langt frá Íslandi. Þegar ég var að skoða skóla erlendis þá rakst ég á eitthvað sem kallast „ISUP“ eða International Summer University Program hjá Copenhagen Business School. Ég var strax heilluð af því að eyða sumrinu í Kaupmannahöfn og hafa afsökun fyrir því að vera ekki að vinna allt sumarið og fá smá sumarfrí.

ISUP er sex vikna sumarskóli í Kaupmannahöfn þar sem gert er ráð fyrir því að taka tvö námskeið þó svo að fjöldi námskeiða er alveg valfrjáls. Meðan á dvölinni stendur er nemendafélagið með ýmsa viðburðum fyrir nemendur sumarskólans og gefur því nemendum tækifæri á að kynnast betur. Skólinn er ekki langt frá miðbænum og er hann ótrúlega flottur og mikið lagt í bæði námskeiðin og aðstöðu nemenda. Samgöngur í Kaupmannahöfn eru líka mjög þægilegar og er til dæmis metro sem gengur á milli bygginga á háskólasvæðinu en það er nokkuð stórt.

Ég ákvað að taka einn áfanga og skrifa BS ritgerðina mína líka úti, sem var mjög góð ákvörðun þar sem bókasafnið í CBS er til fyrirmyndar og allar heimsins bækur tengdar viðskiptafræði að finna þar. Núna á þriðja ári er ég því í færri áföngum og laus við BS ritgerðar stress, sem er topp næs! En upplifun mín af ferðinni var æðisleg og mæli ég eindregið með því fyrir áhugasama að kynna sér ISUP betur.

## Praktískar upplýsingar fyrir áhugasama

Sækja þarf um prógramið á eigin vegum en háskólinn hjálpar ekki til við ferlið og ekki eru veittir styrkir fyrir dvölinni, alls ekki flókið ferli samt. Senda þarf póst á deildina til þess að vera viss um að fá áfangann metinn inn í HÍ en þá skiptir einkunn ekki máli heldur er áfanginn bara staðið/fallið. Í fyrra kostaði einn áfangi í kringum 60-65 þúsund. Hægt er að sækja um húsnæði í gegnum CBS en það eru alltaf fleiri sem sækja um en komast að, mæli með facebook grúppunni „Íslendingar í Kaupmannahöfn“ en þar eru oft Íslendingar að leigja út íbúðir yfir sumartímann, ég nýtti mér það! Svo er það aðal atriðið, þetta hjálpar á ferilskrá og fyrir umsóknir í meistaranám/skiptinám síðar.

# TINDER

YOU MATCHED WITH [NAME] ON 05/02/2018.

Surströming áskorun? Ættir að finna lyktina af typpinu minu

Yesterday 08:39

Veit ekki með það, finnst surströmming hljóma betra ;)

Yesterday 09:17

Meiri þvælan

Yesterday 10:32

Ég bulla aldrei 😊

YOU MATCHED WITH FRANS ON 23/01/2018.

Damn hvað þú ert cute

Leynast freknur bakvið allt þetta meik;)?

YOU MATCHED WITH SIGURDUR ON 07/11/2016.

Afþví þú ert ein af þeim sætari hérna ætla ég bara að taka miða og fara aftast í röðina..nema þú hleypir mér frammar?

YOU MATCHED WITH [NAME] ON 03/02/2018.

Hæhæ

Saturday 23:53

Hvað er það aktu taktu og chill heima hjá mér eftir korter

Úff ef það væri svo gott

YOU MATCHED WITH ANNA ON 04/02/2018.

Se að þú ert að ríða hesti a einni myndinni... 😊

Yesterday 00:20

Ég kann líka að hneggja

Yesterday 06:45

Hahah það er aldeilis

Yesterday 09:18

Nóttin fokkar manni upp

Hahah

Hvað heitir þessi foli

Máni

YOU MATCHED WITH SIGURDUR ON 07/11/2016.

Afþví þú ert ein af þeim sætari hérna ætla ég bara að taka miða og fara aftast í röðina..nema þú hleypir mér frammar?

YOU MATCHED WITH BIRTA ON 04/02/2018.


Það birtir alltaf til um leið og eg se þig Birta

Það verður samt ekki mikið um birtu þegar við kíkjum uppí rúm! ;)

YOU MATCHED WITH STELLA ON 04/02/2018.

Stella stelling eins og eg kalla þig alltaf ;)

Yesterday 17:57



Yesterday 19:06

Þældíði að flirta við þig í þessum aðstæðum

Myndi heilla þig uppúr skónum

YOU MATCHED WITH ÖMER ON 02/02/2018.

Hi helga 🍷

You are so beautiful that makes me wanna cry a little.

2 Dec 2014 01:07

Ey ertu fornleifafræðingur?


Neii haha afh

Því ég er með drasl sem hefur ekki verið snert í mörg ár ;))


YOU MATCHED WITH HARPA ON 04/02/2018.

Eg kann að spila a Hörpu

Yesterday 13:53



Yesterday 19:04



Sorry með mig

Eg er stundum svo hnyttinn

Ljóshært ruglar i mer

Yesterday 22:56

Type a message ... Send

YOU MATCHED WITH UNNUR ON 04/02/2018.

Vinir mínir eru að horfa á Super Bowl í kvöld (ofurskálina), eina skálin sem ég horfi á eru tútturnar á þér! Hver er sénsinn á að ég skori snertimark í snípinn á þér?

Yesterday 05:08

ehh 6/10 fyrir effortið og sæmilega þýðingu

Yesterday 09:19

Þetta var bara betra hjá vinum minum en eg helt

Fínt effort

Yesterday 19:13

já færð klapp á bakið

Yesterday 19:52

Fæ eg ekki loka í nefið sem gjöf væri geggið

Type a message ... Send

Ef eg gæti þá myndi eg eyða öllum stólum í heiminum bara svo þu myndir þurfa að setjast á andlitið mitt

16 Mar 2015 8:21 PM

Blotnaði bara við að lesa þetta

16 Mar 2015 8:58 PM

Takk

17 Mar 2015 5:46 PM

Ástin mín, ef þú værir skitur í klósti þá myndi eg ekki hika við að ná í glas og taka þig upp til þess að eiga þig á skrifborðinu mínu ❤️

Þetta er það sætasta sem einhver hefur sagt við mig takk! ❤️

YOU MATCHED WITH VIKTORÍA ON 05/02/2018.

I can be your David 🤔🌸 #Beckham

Sent

28 Nov 2015 1:02 PM

Ég myndi fela alla stóla í heiminum bara svo að þú gætir setið á andlitinu mínu ❤️

28 Nov 2015 2:50 PM

Lol

YOU MATCHED WITH HERA ON 04/02/2018.


Hera alls-bera Hehehe væri til!

já þú værir til í það


Eg er oft kallaður cupid

A eg að negla örvum i okkur

afhverju cupid?



You can tell him it's Cupid calling...



Type a message ... Send

5 Dec 2014 01:00

Líkamin þinn er 65% vatn og ég er þyrstur

Ómæ

5 Dec 2014 08:51

Ómæ hvaða drikkur er það

5 Dec 2014 17:55

Uppáhalds drykkurinn minn

5 Dec 2014 18:27

Komdu að ríða annars ?

Nei sorry auto correct

Hvað segirðu annars ?

Jul 23, 2014, 03:04

Attu heita pott?

Jul 24, 2014, 20:50

Hahaha afhverju?

Hef aldrei farið i heitan pott

# SPURNINGAKEPPNI

---

FORMAÐUR  
MÁGUSAR

VS

FORMAÐUR  
MARKAÐSRÁÐS

## SPURT ER

1. Hver er fyrirliði íslenska karla landsliðsins í handbolta?
2. Hvaða hráefni eru í kokteilnum „moscow mule“ (3 hlutir)
3. Hvaða land vann Eurovision árið 2017?
4. Hver er höfuðborgin í Chile?
5. Hvort eru fleiri kaloríur í glasi af gin og tonic eða hvítvínsglasi?
6. Hvaða ár var bjórbanninu aflétt? (aukastig ef dagsetning fylgir)
7. Hvenær var fyrsta þjóðhátíðin í eyjum haldin?
8. Hver er forseti Alþingis?





## Benedikt Guðmundsson Formaður Mágusar

1. Aron Einar Gunnarsson
2. Sterkt áfengi, bland og nóg af limesafa. Eitthvað í þessa áttina.
3. Portugal
4. Santiago
5. Nokkuð viss um að svarið sé Gin og Tonic
6. Árið 1989
7. Ekki hugmynd. Giska 1937
8. Steingrímur J. Sigfússon







## Ólafur Freyr Ólafsson Formaður Markaðsráðs

1. Guðjón Valur Sigurðsson
2. Ginger ale, Vodki, sitrónusafi
3. Portúgalska gimpið tók þetta
4. Santiago
5. G&T ef maður blandar þetta eins og maður
6. 1.mars 1989
7. 1874 #sjáumstíðalnum
8. Partýsteggurinn og Pepphaninn sjálfur. Steingrímur J. Sigfússon

Hann Ólafur rúllaði þessari spurningakeppni upp  
má segja, með 8 stig af 8 mögulegum.

# FÉLAGSLÍFIÐ







Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hefur í 20 ár boðið upp á fjölbreytt, krefjandi og metnaðarfullt meistaranám.

Með fjölbreytni í námsleiðum viljum við koma til móts við þarfir atvinnulífsins.

## Hægt er að velja um 12 námsleiðir í meistaranámi í viðskiptafræði

**MA** í skattarétti og reikningsskilum

**MS** í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum

**MS** í stjórnun og stefnumótun

**MS** í nýsköpun og viðskiptapróun

**M.Acc.** í reikningshaldi og endurskoðun

**MFin** í fjármálum

**MS** í mannauðsstjórnun

**MS** í viðskiptafræði

**MS** í fjármálum fyrirtækja

**MS** í verkefnastjórnun

**MS** í þjónustustjórnun

**MBA** í viðskiptafræði

Allar nánari upplýsingar á <http://www.hi.is/vidskiptafraedideild>

Hægt er að sækja um rafrænt á [http://www.hi.is/adalvefur/umsokn\\_i\\_framhaldsnam](http://www.hi.is/adalvefur/umsokn_i_framhaldsnam)

Facebook síða Viðskiptafræðideildar er <https://www.facebook.com/Vidskiptafraedideild/>

Sótt er um í MBA nám á [www.mba.is](http://www.mba.is)

**Umsóknarfrestur í meistaranám er til og með 15. apríl**

**Umsóknarfrestur í MBA nám er til 20. maí**



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

[www.hi.is](http://www.hi.is)